



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 8. janúar 2016

Niðurstöður athugunar á veð- og tryggingakerfi Arion banka hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á veð- og tryggingakerfi Arion banka hf. í febrúar 2015. Samkvæmt 17. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 (fftl.) skal fjármálafyrirtæki á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína, þ.á m. útlána- og mótaðilaáhættu. Séu tryggingar og veð ekki skráð rétt í kerfin kann það að hafa áhrif á tryggingastöðu bankans. Í 19. gr. fttl. er fjallað um góða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 670/2013 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja er fjallað sérstaklega um viðskiptahætti í innri starfsemi, en þar kemur m.a. fram að fjármálafyrirtæki skal búa yfir öflugum innra eftirlitskerfi og setja innri reglur og/eða viðmið um lykilþætti starfseminnar með hliðsjón af eðli og umfangi hennar. Markmið athugunar Fjármálaeftirlitsins var að staðfesta virkni og skráningar í kerfin og að kanna verklag við skráningu í þau. Við framkvæmd athugunarinnar lagði Fjármálaeftirlitið mat á innri reglur og verkferla Arion banka hf. Valin voru fjögur félög með mismunandi tryggingaflokka úr lánasafni bankans og skoðað með ítarlegum hætti hvernig veð og tryggingar vegna þeirra voru skráð í kerfi bankans.

Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í desember 2015. Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að Arion banki væri ekki búinn að ljúka innleiðingu á miðlægu tryggingakerfi, svokölluðu Collateral Management System (CMS). Þann 2. nóvember s.l. lauk bankinn formlega innleiðingu á kerfinu.

Fjármálaeftirlitið gerði einnig athugasemd við ranga skráningu á virði veðandlaga þar sem skráning var ekki í samræmi við undirliggjandi gögn í tilviki eins félags af fjórum í úrtakinu.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að Arion banki hf. gerði viðeigandi úrbætur í kjölfar athugunarinnar.